**Nd.** **84. Breytingartillaga**

við frv. til l. um læknisvitjanasjóði.

Frá Gísla Sveinssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir fyrstu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þá eru læknisvitjanasjóðir löglega stofnaðir, er allar hreppsnefndir í læknishéraði hafa gefið því samþykki sitt.
2. Á eftir 3. gr. komi ný gr., er verði 4. gr., svo hljóðandi:
   Þeir hreppar, er njóta læknisvitjanastyrks úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum fjárlaga, enda sé eigi stofnaður læknisvitjanasjóður í hlutaðeigandi læknishéraði, halda þeim styrk þrátt fyrir ákvæði þessara laga.